



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 29. desember 2020
MÍ202012-0121/ 6.09 / K.M.

Efni: Sólstaður/Klettholt. Deiliskipulag.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra frá 10. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að deiliskipulagi Sólstaða/Klettholts í landi Köldukinnar.

Í greinargerð tillögunnar segir að deiliskipulag fyrir Sólstað/Klettholt nái yfir um 200 ha svæðis og taki til 10 lóða/jarða. Deiliskipulagið tekur yfir stærstan hluta gildandi skipulags; *Kaldakinn í Rangárþingi ytra-deiliskipulag jarðar* frá árinu 2018. Mannvirki eru til staðar á hluta þeirra lóða sem eru innan skipulagssvæðisins og afmarkaðir verða byggingareitir fyrir núverandi og fyrirhugaðar byggingar. Á skilgreindum byggingareitum innan skipulagssvæðisins er fyrirhugað að byggja íbúðarhús, bílskúra, gestahús og útihús/skemmur.

Fjallað er um minjar í kafla 2.5 í greinargerð. Eins og þar kemur fram hafa fornleifar á jörðinni verið skráðar. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2014, *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi Ytra. Áfangaskýrsla III. I. Bindi*. Þar er m.a. gerð grein fyrir skráningu fornleifa í landi Köldukinnar. Fimm fornleifar eru skráðar innan deiliskipulagssvæðisins og er gerð grein fyrir þeim í greinargerð tillögunnar og staðsetning þeirra er sýnd á deiliskipulagsupprætti. Í greinargerðinni segir að engar þekktar fornleifar séu innan byggingareita eða undir vegum.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um tillögu að deiliskipulagi Köldukinnar og Klettholts með bréfi til sveitarfélagsins dags. 08.09.2017. Það skipulagssvæði sem nú er til umfjöllunar er hluta af því svæði sem skipulagt var á árunum 2017 og 2018. Í umsögn Minjastofnunar kom m.a. fram að heimildir hermdu að beitarhús (RA-398:013) á Stekkjartúni hafi staði nálægt byggingareit sem þá hét F4. Sá

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðilt máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is